

Fundargerð Dreifbýlisnefndar Reykhólahrepps

haldinn, 15. febrúar 2017

í Reykhólaskóla og hófst kl. 16.00

Mættir: Baldur Ragnarsson varaformaður, Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður, Áslaug Berta Guttormsdóttir aðalmaður, Erla Reynisdóttir aðalmaður, Bjarki Stefán Jónsson varamaður, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri. Erna Ósk Guðnadóttir aðalmaður boðaði forföll.

Baldur Ragnarsson varaformaður stjórnaði fundi, Áslaug Berta Guttormsdóttir ritaði fundargerð.

Fundargerð

Baldur Ragnarsson setti fundinn. Samþykkt að taka þrjú mál undir önnur mál;

- 1) Vatnsveitan í Króksfjarðarnesi. Staða mála.
- 2) Hleðslustöð fyrir rafbíla. Staða mála í Reykhólahreppi.
- 3) Frárennismál frá nokkrum húsum í Flatey.

Þá var gengið til auglýstrar dagskrár fundarins.

1. mál

Samþykkt um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi. - Nefndarmönnum í dreifbýli hafa borist nokkrar fyrirspurnir varðandi fyrrgreinda samþykkt. Ákveðið að beina eftirfarandi spurningum til Umhverfisnefndar:

- a) Í reglum um hunda- og kattahald kemur fram að minkahundar eru skilgreindir sem nytjahundar. Hvers vegna eru smalahundar ekki skilgreindir sem nytjahundar líka?
- b) Gjald fyrir hvern hund/kött þykir hátt eða sambærilegt við Reykjavík. Hvaða þjónusta er nákvæmlega innifalin í gjaldinu, sundurliðuð og á ársgrundvelli?
- c) Ekki er óalgengt að bændur sem búa með sauðfé þurfi að hafa fleiri en 2 hunda og ekki sé óalgengt að t.d. 2 hundar og 3 kettir séu á bóndabæjum. Gjaldið er þá 48.000 krónur á ári fyrir eigendur. Er svo há upphæð ekki talin íþyngjandi fyrir íbúa sveitarfélagsins ofan á önnur gjöld?
- d) Hver greiðir aksturskostnað sem af því hlýst að færa ketti/hunda til hreinsunar, sveitarfélagið eða dýraeigandinn? Bent er á að dýralæknir hefur komið heim á bæi, án þess að rukka aksturskostnað.
- e) Dýralæknir hefur séð um hreinsun og samkvæmt Bjarka Stefáni kostar innan við 3.000 kr. að hreinsa hundinn og ekki þarf að fara með hundinn af bæ. Verulega

erfitt er fyrir suma að koma með ketti/hunda til hreinsunar þar sem þeir eru ekki bílvanir og eigi til að kasta upp. Hvernig ætlar sveitarfélagið að bregðast við í tilfellum þar sem katta-/ hunda eigandi treystir sér ekki með dýrin í bíl?

- f) Í flestum sveitarfélögum á Vestfjörðum og víða á Vesturlandi gilda aðrar reglur fyrir þéttbýli en dreifbýli, þ.e. strangari reglur gilda fyrir þéttbýlisstaði enda augljóst að þar þurfa að gilda strangari umgengnisreglur. Hvers vegna gilda sömu reglur fyrir dreifbýlið og þéttbýlið í Reykhólahreppi?
- g) Setja þarf inn í reglugerðina þær reglur sem nú þegar gilda um dýrahald í Flatey en þar eru kettir t.a.m. bannaðir.
- h) Stefán bendir á að sumir bændur hafi kosið að tryggja hunda sína um leið og annan búfénað. Dregst þá sá hluti upphæðar, sem nemur tryggingagjaldi sveitarfélags, frá heildargjaldi fyrir hundinn?
- i) Gjaldskrá þarf að birta á vefnum.

1. mál

Svar frá Umhverfisnefnd Reykhólahrepps varðandi sorpgjald á lögbýli. Svar nefndarinnar tekið gilt. Málið verður tekið upp síðar ef þörf krefur.

2. mál

Internetið og lagning ljósleiðara. – Staða mála í Reykhólahreppi. Ingibjörg Birna upplýsti um stöðu mála. Ráðist verður í að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu á þessu ári, 2017, og vonast er til að ljúka verkinu að mestu fyrir árslok. Framkvæmdin kostar um 80 millj. króna en sveitarfélagið hefur fengið fjárveitingu og aukafjárveitingu frá ríkinu upp á 25,5 millj. króna í heildina. Annar kostnaður skiptist á milli sveitarfélagsins og íbúa sem tengjast ljósleiðara. Gufudalur, Djúpidalur, Skálanes og Borg verða tengdir örbylgjusendum.

3. mál

Sjóvarnir í Flatey. – Málefnið heyrir undir Vegagerðina, siglingasvið. Baldur upplýsir að ástand sjóvarnargarðanna hafi versnað í vetur og bendir á að það fé sem fyrir löngu hefur verið sett í sjóvarnargarðana í Flatey, u.þ.b. 10 millj. króna, sitji enn óhreyft. Ingibjörg Birna sveitarstjóri upplýsti að hún hefði ekki haft samband við forsvarsmenn þar nýverið en Baldur og Guðrún hafa rætt við þá en málum miðar ekkert. Ingibjörg hefur rætt við Nýsköpunar- iðnaðar- og atvinnumálaráðherra um málefnið. Ákveðið að Guðrún og Áslaug setji saman drög að bréfi sem síðan kemur fyrir sveitarstjórn og verði send til ráðuneytisins til hvatningar um framkvæmdir.

4. Mál

Skýli fyrir slökkviliðsbúnað í Flatey. – Ingibjörg Birna upplýsti að Hjalti hefði verið í sambandi við Magnús í Krákuvör og bygging skýlis sé komin í farveg. Þeir ræddu m.a.

staðsetningu, útlit og rafmagnsmál. Peningar eru til framkvæmda á fjárlögum þessa árs, 2017.

5. mál

Næsti fundur. Samþykkt að næsti fundur verði í Flatey í júní. Fundurinn verði í tengslum við fund sveitarstjórnar í Flatey líkt og í fyrra. Finna þarf dagsetningu sem fyrst í samráði við íbúa Flateyjar og Framfarafélagið. Gott væri að fá Guðmund Bergsson í Eldstoðum með í ferðina og að hann hafi slökkvitæki með til sölu. Einnig væri gott að biðja Gyðu Steinsdóttur, formann Framfarafélagsins, að auglýsa fundardag og dagskrá á heimasíðu félagsins.

Önnur mál

1. Vatnsveitan í Króksfjarðarnesi. Staða mála. - Ingibjörg upplýsti að til standi að girða kringum vatnsbólið í sumar og að verið sé að athuga með ryðlitað vatn úr krönum.
2. Hleðslutöð fyrir rafbíla. Staða mála í Reykhólahreppi. – Ingibjörg Birna upplýsti að Reykhólahreppur hafi fengið afhenta eina hleðslutöð, það á aðeins eftir að setja hana upp. Atvinnuþróunarfélagið er að vinna í uppsetningu á hraðhleðslutöð.
3. Baldur nefndi að frárennslismál væru ekki í lagi frá nokkrum húsum í Flatey. Ingibjörg Birna ætlar að koma ábendingum til Byggingarfulltrúa sveitarfélagsins sem mun hafa samband við húseigendur.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Áslaug Berta Guttormsdóttir, fundarritari

Baldur Ragnarsson, fundarstjóri

Guðrún Marta Ársælsdóttir

Erla Reynisdóttir

Bjarki Stefán Jónsson

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri.